



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 01. tbl.

Janúar 2012

Þorrablót Gnúpverja 2012

Verður haldið í Árnasi föstudaginn 20. janúar
Hljómsveitin Blek og Byttur mun sjá um tónlistarflutning.
Miðapantanir þurfa að berast fyrir mánudagskvöldið 16. janúar
Miðaverð kr. 6000.-

Hægt er að panta miða á netfangið surirpungar2012@gmail.com

Einnig taka eftirfarandi við miðapöntunum

Ingvar og Magnea 892-6036, 486-6036

Steinunn 848-1474, 486-6131

Einar og Hjördís 617-5375, 486-6050



Mælst er til þess að fólk sameini sig sem mest á borð fyrir
pöntun. Afhending miða fer fram í Árnasi miðvikudaginn
18. janúar milli 18-20.

Reikningsnúmerið sem hægt er leggja inná fyrir miðum er
0152-05-260369, kt. 251078-6299

Húsið opnar klukkan 20:00 og
dagskráin hefst stundvíslega klukkan 20:45

Athugið að opinn bar er í húsinu
og er ætlast til að allir taki tillit til þess.

Nóg framboð verður á áfengum og óáfengum drykkjum.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Gjöf frá kvenfélögum Skeiða-og Gnúpverjahrepps

Núna í desember komu þær Anna

María, formaður kvenfélags Gnúpverja og Jóhanna formaður kvenfélags Skeiðamanna og færðu skólanum video upptökuvél og þrífót.

Tekið var vel á móti þeim og þeim boðið í jólaboð þar sem sungin voru jólalög og boðið var upp á kakó með rjóma og smákökur.

Nemendur skólans undirbjuggu veisluna í heimilisfræðitímum ásamt kennaranum sínum henni Jenný og höfðu m.a. bakað margar gerðir af smákökum. Það er frábært fyrir skólann að fá svona finan grip og kunnum við kvenfélögunum okkar bestu þakkir fyrir.



f.v. Anna María, Flygenring, Jóhanna Vilhjálmsdóttir og Bolette Höeg Koch, skólastjóri.

Framundan

19. janúar – annarskil

13.-14. febrúar – vetrarfrí

15. febrúar – starfsdagur

16. febrúar - foreldradagur

Kær kveðja. Bolette.

FÓLK OG FRÉTTIR!



Þann 17. desember s.l. útskrifaðist Guðmundur Stefánsson í Ásaskóla sem stúdent af málabraut frá FSu á Selfossi. Guðmundur hlaut viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í heimsspeki og einnig fyrir kórstarf.

Einar Einarsson, Heiðarbrún lauk sveinsprófi í pípulögnum við Iðnskólann í Hafnarfirði þann 20. desember.



21. desember lauk Svanborg Rannveig Jónsdóttir, Stóra- Núpi doktorsnámi í uppeldis og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og snerist rannsókn hennar um námssvið sem nefnist nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Hún er gift og fimm barna móðir.

Við óskum þeim öllum hjartanlega til hamingju með áfangann.

LEIKFIMI FYRIR KONUR Í Brautarholti

Námskeið hefst að nýju.

Vaxtamótandi æfingar þar sem lögð er áhersla á kvið, rass og læri. Fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar þar sem vel er tekið á því án þess að það sé hopp og hamangangur 2x í viku, á þriðjudögum kl. 19-19:00 og fimmtudögum kl. 19:15.

Kennarar eru Eygló Linda og Ragnheiður frá Lifandi húsi. Skráning og upplýsingar hjá Jóhönnu Vilhjálms. í síma 864-6101 og Millu í síma 691-2453

Allar konur velkomnar
Kvenfélag Skeiðahrepps



25. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, fimmtudaginn 15.12.2011 í Árnosi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012, síðari umræða.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar í þúsundum króna vegna ársins 2012 eftir fyrri umræðu.

	A hluti	A og B hluti
Tekjur	398.896	408.457
Gjöld	(377.949)	(382.477)
Fjármunatekjur	8.923	4.127
Rekstrarniðurstaða	29.870	30.107

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi breytingar við síðari umræðu.

Gert verði ráð fyrir nýjum skiltum á sveitarfélagamörkum, kostnaður áætlaður kr.650.000,-

Haldinn verði Landnámsdagur, kostnaður áætlaður kr. 500.000,-

Kostnaður í rekstri félagsmiðstöðvar hækki un kr.150.000,- v/ aukins stöðuhlutfalls starfsmanns.

Kostnaður v/skólaþings með Hrunamannahreppi kr. 300.000,-

Styrkur til ungmennafélaga og kvenfélaga í sveitarfélaginu verði 480.000,- í heildina, unnið verði að því að gera samninga við félögin um úthlutun styrkja.

Jafnframt er lagt fram álit Björgvins Guðmundssonar endurskoðanda hjá KPMG um fjárhagsleg áhrif fjárfestinga sem fram koma í fjárhagsáætlun ársins 2012 í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina með áorðnum breytingum.

2. Tillaga að þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2015 síðari umræða.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna eins og hún liggur fyrir.

3. Erindi frá Ungmennafélögunum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi með ósk um styrk.

Erindinu hafnað og vísað til bókunar í fjárhagsáætlun 2012. Bendum einnig á að sveitarfélagið samþykkti 50.000,- í æskulýðs- og tómstundastyrk fyrir hvert barn á aldrinum 6 – 18 ára sem á lögheimili í sveitarfélaginu.

4. Bókun frá sveitarstjórn Skagafjarðar. Ályktun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra. Bókun lögð fram.
5. Erindi frá HSu. Endurskipulagning heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Sveitarstjórn lýsir áhyggjum sínum yfir niðurskurði á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.
6. Erindi frá HSK með ósk um fjárstuðning. Sveitarstjórn bendir á að sveitarfélagið styrkir HSK í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga.
7. Erindi frá sóknarnefndum Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju með ósk um húsaleigustyrk. - Erindið samþykkt.
8. Erindi frá stjórn Félags tónlistarkennara. Ályktun gegn niðurskurði í tónlistarskólum. Lagt fram.
9. Tillaga að gjaldskrá útleigu á fasteignum sveitarfélagsins 2012. Lögð fram og starfsmönnum skrifstofu falið að vinna hana frekar í framhaldi af um ræðum fundarins.
10. Starfsmannamál. Oddvita falið að ganga frá ráðningu starfsmanns í Áhaldahús.

Mál til kynningar

A. Ungmennafélag Íslands. Samþykktar tillögur af 47. sambandsþingi UMFÍ.

Næsti fundur haldinn þriðjudaginn 10. janúar 2012.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:00.



Næsta fréttabréf kemur út 15. feb. 2012.

Skilafrestur efnis 10. feb. 2012.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

**Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi
486 6118 og 893-4426 Ari Einarsson**

**Sigurborg Hekla
og Valgeir Örn**



**Sara
Björk**



**Kamilla Mist
og Snorri.**





Að ofan.
Ólöf María, Eiríkur Logi og Söldís Dúna.



F.v.
Sara Björk, Snorri, Milla og Kamilla Mist.

Með ósk um gæfu og gleði okkur öllum til handa á nýju ári.
Börn og starfsfólk Leikholts.



Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Eigum ennþá endurútgefna kortið, með örnefnum, af af-
réttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna og er það til
sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.-**
Gott að eiga, hvort sem er að vetri eða sumri!

Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag. Heimilt er að sækja um styrk til verkefna sem umsækjandi er þegar byrjaður að vinna í.

Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið að árið 2012 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða: 1. Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.

2. Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.
3. Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.
4. Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
5. Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.

Menningarráðið mun hvorki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- né endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar 2012.

Ætlunin er að tilkynna um úthlutun fyrir páska 2012.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs

www.sunnanmenning.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is.

Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum.

Umsóknir skal senda, í tölvupósti á menning@sudurland.is



**Viðvera menningarfulltrúa í Árnosi er föstudaginn
20.01.2012, bóndadag, kl. 10:30-12:30. Þeir sem hafa
áhuga, panti tíma í síma 896-7511 eða með tölvupósti á
menning@sudurland.is**

Ágætu Smárafélagar

SMÁRI



Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram til formennsku hjá félaginu, ég tel þetta vera orðið gott eftir 8 ára starf sem formaður og 10 ára setu í stjórn.

Þetta hefur verið skemmtilegur tími og lærdómsríkur, ég hef unnið með góðu fólki og kynnst mörgum skemmtilegum persónum á þessum tíma bæði innan félags og utan. Það hafa að sjálfsögðu skipst á skin og skúrir í starfinu en samt hefur þetta gengið vel að mínu mati. Það er ýmislegt sem stendur upp úr t.d. fjölgun félaga og hversu vel hefur tekist að halda utan um æskulýðsstarfið.

Við byggðum reiðhöll í samstarfi við fyrirtæki, einstaklinga hestamannafélagið Loga og sveitarfélögin. Það sjálfboðavinnustarf sem unnið hefur verið við húsið er einstakt og sýnir hvað við getum gert ef við vinnum saman. Húsið tel ég hafa breytt mörgu og á eftir að breyta mörgu í hestamennskunni í uppsveitunum.

Eitt sem er ofarlega í huga er að fá fólk til að starfa fyrir félagið, það hefur oftast gengið vel en lendir oftast en ekki á sömu aðilum sem eru hvað virkastir í starfinu.

Hvet ég alla til að leggja sitt að mörkum sem til er leitað og þá sem langar að starfa að koma sér á framfæri því þetta er skemmtilegt og gefandi starf og félagar kynnast og sjá betur í hverju starfið er fólgið.

Fólk verður að gera sér grein fyrir því að ef viðkomandi er skráður í félag skal sá hinn sami gera ráð fyrir því að þurfa vinna fyrir félagið í nefndum eða ráðum á einhverjum tímapunkti.

Margir félagar hafa unnið frábært starf og ber að þakka það, málið er nefnilega að það sést ekki alltaf og er ekki alltaf áþreifanlegt það sem gert er.

Að lokum vil ég þakka því frábæra fólki sem ég hef unnið með í gegnum tíðina fyrir gott samstarf og óska því velfarnaðar.

Virðingarfyllst

Guðni Árnason, fráfaramandi formaður

Hestamannafélagsins Smára

Hefurðu glatt nokkurt hjarta í ár?

Nú er enn eitt árið á enda runnið, senn gamlárskvöld með öllu sínu firverki, brennum, skaupi, veisluhöldum og jafnvel drykkju. Það er á vissan hátt merki-legt að tvær helstu hátíðir þjóðarinnar skuli vera haldnar með viku millibili, hvor um sig með sínu sérstaka yfirbragði og innihaldi.

Hátíðir eru ævafornt fyrirbæri. Varla fyrir finnst svo frumstætt samfélag að það eigi sér ekki sínar hátíðir.

Á dögum rómverja löngu fyrir kristni voru hátíðir haldnar þar sem öllu var snúið á hvolf, öllu siðferði kastað á glæ þrælarnir voru höfðingjar og höfðingjarnir þrælar, allt sem haldið var í heiðri var brotið niður í einn dag, eina nótt og síðan næsta dag var allt endurreist að nýju, nýr áhringur að hefjast. Þótt svona langt sé ekki gengið nú til dags þá eru áramótin í mörgum tilvikum tími viss hömluleysis og það má vel vera að öllum sé hollt endrum og sinnum að blása út, rífa sig upp úr föstu fari og ögra öllu því sem viðtekið er, gera á sér eins konar andlega hundahreinsun.

Lengi vel var það svo í huga margra að trúrækni og kirkjusókn var talin til dyggða góðborgarans. Á sunnudegi gekk fólk þrúðbúið út á götur sinna bæja og borga, tók ofan fyrir hvort öðru og settist svo inn í kirkjuna og heyrði prédikun um guðsótta og góða siði. Hver og einn ætti að þekkja sinn stað í tilverunni og alls ekki að ögra því sem viðtekið var. Oftar en ekki var þetta allt saman sjónarspil til þess eins gert að viðhalda hagsmunum þeirra sem héldu um valdatauma og höfðu fjármuni og auðlindir í sínum höndum. Þannig fékk allt þetta og kristnin með, á sig yfirbragð hræsni og tvískinnungs. Þar sem sett voru upp mikilfengleg leiktjöld til þess eins að viðhalda hagsmunum fámennrar yfirstéttar og halda niðri réttmætri kröfu almennings um mannsæmandi kjör. Í nútímanum hafa þessi skil sem betur fer að mestu vatnast út. En samt situr það enn í huga margra að kirkja og kristni og það að sinna henni, dæmi um gervimennsku góðborgarans. Sá sem sæki kirkju sína sé einfaldlega að sýnast, láta aðra halda að hann sé eitthvað skárri en aðrir.

Ekki þarf þó lengi að lesa í lífsins bók til að sjá að hegðun og framkoma Jesú Krists var allt annað en það sem einkenndi góðborgara þess tíma. Eitt af því sem er mest áberandi í boðun hans er einmitt gagnrýni á hvers kyns tvískinnung og yfirdrepsskap, að menn skreyti sig með stolnum fjöðrum þykist vera annað og meira en þeir eru.

Og hér erum við saman komin á síðasta degi ársins og guðspjall dagsins er hin kunna dæmisaga af samskiptum víngarðseigandans og verkamanns hans í víngarðinum. (Lúk 13.6-9) Umræðan snérist þó ekki um vínvið heldur um fikjutré sem ekki hafði borið ávöxt í þrjú ár.

Eigandinn vill láta henda því, það tekur pláss og næringu úr jarðveginum skilar engu til baka, en garðyrkjumaðurinn vill fá enn eitt tækifæri til að koma því til. Með því að hlú að því og bera á það, þá vonast hann til þess að það fari nú að bera ávöxt.

Í mínum huga er trúin á Jesú Krist breytingarafl, já eiginlega byltingartæki. Trúrækni, trúariðkun ekki passív, hlutlaus iðja heldur sé markmið hennar eins konar sjálfsrækt, uppbygging, efling, hvatning til þess að láta gott af sér leiða. Óverðskuldað þiggjum við náð Guðs og miskunn, hvernig endurgjöldum við? Þannig er þessi nálgun í mikilli andstöðu við mynd af íhaldssamri kirkju sem leitast við að styðja það gamla og halda því til streitu, kirkju sem hrædd er við breytingar, þróun.

Á gamlársdag er því einmitt rétti tíminn til að setjast niður og spyrja sig og skoða líf sitt, hef ég borið ávöxt á einhvern hátt í mínu lífi? Hef ég eitthvað gert til að efla sjálfan mig sem persónu? Hef ég verið mínum nánustu til einhvers stuðnings? Hef ég skilað einhverju sem máli skiptir til samfélagsins?

Við sem vaxin erum úr grasi, við höfum komist þangað sem við erum vegna þess að margir hafa mikið á sig lagt okkar vegna. Frá fæðingu höfum við þegið umönnun, uppeldi og aðbúnað, látið í té af ást og umhyggju. Við höfum þegið af samfélaginu; skólagöngu og heilsugæslu svo eitthvað sé nefnt. Hvernig berum við ávöxt? Hvar eru fikjurnar?

Ég rakst á áramótakvæði í gömlu blaði frá 1982 (Íslendingaþættir Tímans 30.tbl 05.08.82), er því rétt að verða þritugt. Ort af konu sem í þrjátíu ár mátti liggja í kór vegna lómunar það er svolítið á þessum nótum. Það hljóðar svo.

Gamlárskvöld

Árið nú kveður og hverfur á braut,
en hvernig er þakkað það allt er ég naut?
Það berst til mín ómur er dagbirtan dvín
og dálitlum spurningum beint er til mín.
Hefurðu glatt nokkurt hjarta í ár?
Hefurðu reynt til að græða mörg sár?
Hefurðu bundið um blæðandi und?
Brosað með öðrum á gleðinnar stund?
Hefurðu gefið þeim bágstöddu brauð?
Borið fram mikið af kærleikans auð?
Léttir þú nokkurs manns lamandi þraut?
Leiddir þú nokkurn á hamingju braut?

Ég get engu svarað, því glöggð það ég finn
að gagnslítill oft reynist hugurinn minn,
með kraftlitlar bænir og kvíða í sál
kem ég að flytja mitt lofgjörðar mál.
Því bið ég þig, Faðir minn fyrirgef mér,
að fjarlægð enn þroska míns takmarkið
er,
efli þinn heilagi Andi minn þrótt
áður en kemur mín síðasta nótt.

Guðrún Guðmundsdóttir
frá Melgerði
(f.8.jan 1889 d.12.júlí 1982)

Hins vegar er það staðreynd sem við þekkjum flest að ekki tekst okkur allt sem við ætlum okkur, það er eins og segir í söngtextanum: *Með hugann fullan af hetjudraumum en hjartað lamað af sorg.*

En Guð reisir við þann sem fellur, það er boðskapur þessarar dæmisögu, við fáum annað tækifæri og jafnvel stuðning ef við berum okkur eftir því. Margir þeirra sem glíma við fíkn svo sem alkóhólisma eiga það sammerkt að hafa kannski farið í margar meðferðir áður en þeim tekst að ná tökum á lífi sínu, umfram allt að gefast ekki upp. Oft er það með tilstyrk trúar á sinn æðri mátt sem árangur næst.

Oft á tíðum lendum við inn í það far fyllast neikvæðni, við gagnrýnum allt í kringum okkur, skömmumst út í ríkisstjórnina og það sem hún gerir og gerir ekki. Ekki er nú sveitarstjórnin betri, þar er farið öfugt að öllum hlutum. Sjálfsagt er í mörgum tilvikum mest af þessu rétt, öll stjórnvöld þurfa líka gagnrýni og aðhald en það er ekki víst að það heyrir allt frá eldhúsborðinu sem þar er sagt, þó að öll vandræði séu þar gjarnan leyst á svipstundu. Það er mikill munur á heilbrigðri gagnrýni sem allir hafa gott af að heyra og geðvonskulegum skömmum. Við eigum auðvitað, okkur ber skylda til, að taka virkan þátt í stefnumótun samfélagsins, styðja við stefnu til bóta og uppbyggingar, leggja það gott af mörkum sem við getum.

En við eigum samt um leið að líta í eigin barm, líkt og í kvæðinu góða sem lesið var. Margir hafa ótrú á áramótaheitum en hvað sem segja má um það þá er gott að nota þessi tímamót til að skoða líf sitt af einurð. Hvað er það í lífi mínu og lífsstíl sem ég er sáttur við og hvað ekki, hverju get ég breytt, hverju get ég ekki breytt. Og ef okkur brestur kjark þá er gott að hugsa til þess sem Páll postuli segir í sínum lestri: *Ef Guð er með okkur hver er þá á móti okkur?*

Og hann heldur áfram með sína hvatningu sem enn er í fullu gildi: ***Í öllu þessu vinnum við fyllsta sigur í krafti hans sem elskaði okkur. Því að ég er þess fullviss að hvorki dauði né líf, englar né tignir, hvorki hið yfirstandandi né hið ókomna, hvorki kraftar, hæð né dýpt né nokkuð annað skapað muni geta gert okkur viðskila við kærleika Guðs sem birtist í Kristi Jesú, Drottni vorum.***

Látum þessi orð verða okkur hvatningu og innblástur til betra lífs, ríkara lífs, lífs er ber ávöxt bæði okkar vegna og annarra. Látum skapandi og frjálsa hugsun leiða okkur inn í nýtt ár, ár nýrra tækifæra, nýrra möguleika, nýrra sigra.

Í Jesú blessaða nafni, Amen.

Eiríkur Jóhannsson

Komið var að máli við umsjónarmann fréttabréfs, með að gaman og hollt væri okkur öllum að eiga predikun prestsins okkar á prenti er hann flutti á gamlársdag í Stóra-Núpskirkju. Hún er birt hér í upphafi nýs árs, með leyfi sr. Eiríks.



Helgihald.

22. janúar.

Guðsþjónusta

Hrunakirkja kl. 11:00

Ólafsvellir kl. 14:00

5. febrúar.

Guðsþjónusta

Hrepphólar kl. 11:00

Stóri Núpur kl. 14:00

Prestur.

Sr. Eiríkur Jóhannsson, Hruna.

Organistar:

Stefán Þorleifsson

Hrepphólum og Hruna.

Þorbjörg Jóhannsdóttir

Ólafsvöllum og Stóra-Núpi.

Frá Reiðhöllinni á Flúðum

Sala árskorta er hafin á nýjan leik.

Fyrirkomulag og verð er óbreytt frá fyrra ári, þ.e.a.s hægt er að velja um tvær tegundir að aðgang, einstaklings- og fjölskyldukort. Einstaklingskort er eingöngu ætlað korthafa, en fjölskyldukort gildir fyrir *korthafa, maka hans og börn 18 ára og yngri*. Mikilvægt er að korthafar virði þær lágmarksreglur.

Korthöfum er frjáls aðgangur að húsinu milli kl. 8 og 23 daglega svo fremi sem ekki er skipulögð dagsskrá í húsinu. Hægt er að nálgast upplýsingar um skipulagða dagskrá á heimasíðu Smára www.smari.is undir TÍMATAFLA OG DAGSKRÁ.

Verð á einstaklingskortum er 11 þús. auk vsk og á fjölskyldukortum 18 þús. auk vsk. Hægt er að panta árskort í s: 897 7623 eða á netfanginu helgikj@mmedia.is.

Undir "REIÐHÖLL" á síðunni smari.is má nú finna upplýsingar um árskort, skilmála með árskortum ásamt umgengnisreglum í hesthúsi.

Stjórnin



Janúarviðburður Upplits í Félagsheimilinu á Flúðum fimmtudagskvöldið 19. janúar

„Mér er líka skemmt“ Sagnakvöld með tónlistarívaði **kl. 20.30.**
Jóhannes Sigmundsson segir skemmtilegar sögur af fólki!

Gestur hans er Sigurður Sigurðarson dýralæknir sem les úr bók sinni.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir!



Grænna land ehf.

Tek að mér að gera jarðarfararkransa.

Borðar og allt efni úr sveitinni.

Myndir og önnur sýnishorn eru á Erla Björg Arnardóttir
Facebook síðunni okkar.

Grænna land ehf

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Margra ára óskilamunir!

Hjá mér eru allt of margir óskilamunir úr fjallferðum og réttum
til nokkurra ára. Þar má nefna, föt, reiðtygi og ýmislegt annað dót.
Ég bið ykkur góðfúslega, fjallmenn og aðrir að hafa samband ef þið
haldið að ef til vill gæti eitthvað verið frá ykkur.

Hér eftir verður reynt að nýta það sem hægt er en öðru verður hent.

Sumt er vel nothæft.

Komið við eða spyrjist fyrir í 847-8162.


Lilja Loftsdóttir, Brúnum.

Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti!

Fótboltaæfingar á mánudögum
kl 20:30 á sparkvellinum í Árnosi.

Nánari upplýsingar hjá

Hjörvari, Hlemmiskeiði, s. 856-1156



Bak við eldavélina!

Set hér indverskan rétt þar sem sá er skorað var á, kemur örugglega með eitthvað gómsætt í næsta fréttabréf.

Tikka Masala kjúklingur

Uppskrift fyrir þrjá til fjóra:

600 gr. kjúklingakjöt án skinns og beina

1 dós Tikka Masala sósa

100 gr. tómatar úr dós, skornir

1 stór laukur, skorinn í teninga

1 hvítlauksrif, skorið smátt

25 gr. smjör

1/2 dl. rjómi

1/4 tsk. engiferrót, skorið smátt

1 msk. kóríanderlauf, rifin (má sleppa)

Hitið smjörið á pönnu og brúnið laukinn. Bætið saman við engifer, hvítlauknum, helmingnum af kóríanderlaufunum og kjúklingnum. Lokið pönnunni og steikið í 15 mínútur, hrærið í af og til. Bætið við vatni ef maturinn festist við pönnuna. Hellið Tikka Masala sósunni saman við ásamt tómötunum. Lokið pönnunni og steikið í 15 mínútur til viðbótar. Hellið rjómanum saman við undir lokin og skreytið með kóríanderlaufum áður en rétturinn er borinn fram með hrísgrjónum og mér finnst reyndar mjög gott að hafa **Nan brauð** með og smelli einni slíkri með.

Nan brauð 14. stk.

Hálfur pk þurrger (5-8g)

2,2 desil. volgt vatn

30-50 grömm sykurl

1 desil. volg mjólk

1 egg, vel hrætt

2 teskeiðar salt

600 grömm hveiti

Um 50 gr. brætt smjör.


Aðferð

Blandið saman þurrefnunum í hrærivélarskál. Bætið síðan mjólk, vatni og hrærða egginu saman við. Hnoðið í hrærivélinni í um 5 mínútur eða þar til deigið verður mjúkt.

Setjið skálina í heitt vatn og látið hefast undir klút í klukkutíma. Hnoðið deigið örlítið aftur í höndum og skiptið því í ca. 14 bolta. Látið hefast aftur í 30 mínútur undir klút á bretti. Fletjið kúlurnar nú út og penslið með smjöri og e.v.t. smá mörðum hvítlauk eða öðru kryddi eftir smekk, t.d. villijurtir eða engifer. Bakið í ofni 275°C í 5-6 mín. eða grillið þær í 2-3 mínútur á hvorri hlið.

Verði ykkur að góðu.

khg.





Kertasmiðjan í Brautarholti



Nánari upplýsingar veita
Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 399
Veffang: www.kertasmidjan.is
Netfang: kertasmidjan@web.is
S. 486 5518

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar


Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9:30 og 13 –13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
OG ALLT ÞAR Á MILLI.
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-14 LAUGARDAGA.

VERIÐ **VELKOMIN** – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Sími: 486-1866



Sauðfjárbændur!

Ullargámur verður við skemmuna að Smiðjustíg 10 á Flúðum fram í janúar. Munið að hringja á undan ykkur því gámurinn fer í tæmingu og þá er enginn gámur á meðan.

Flúðaleið flutningar ehf - 486-1070



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Saltsteinar - Steinefni - Bætiefni



10 kg.

Saltsteinn Natur

Innihald:

Salt	100,0%
Þar af Natríum	38,5%

Fyrir: Nautgripi, hross, sauðfé



10 kg.

Saltsteinn Plus

Saltsteinn með:
Sink, Mangan, Joð,
Kóbalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, hross, sauðfé

Uniblock Steinefnablokk



10 kg.

Selenrík stein- og bætiefnablokk sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hesta

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Selenrík stein- og bætiefnafata sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hesta

Steinefnafata- Mineraleimar Plus



25 kg.

Steinefnafata sem hentar fyrir nautgripi og hross. Inniheldur kopar og hentar ekki fyrir sauðfé

Hestamúsli - Hestakögglar



Besterly Herbic hestamúsli



Besterly Herbic hestamúsli er mjög lystug blanda af urvals korni, grænmetisolium ásamt ýmsum vitaminum og jurtum. Besterly Herbic hestamúsli er bragðgott, eykur heilbrigði og bætir meltinguna. Með góðu gróffóðri er gott að gefa hestum í þjálfun 1 – 2 kg. af Besterly Herbic hestamúsli á dag. Besterly Herbic hestamúsli er í 15 kg. pokum



Besterly Vitalic hestaköggla



Besterly Vitalic hestakögglar eru með háu steinefna og vítamín innihaldi. Besterly Vitalic er einkum ætlað sem viðbótarfóður með góðu gróffóðri fyrir hesta í þjálfun. Ef gefið er ½ - 1 kg. af Besterly Vitalic daglega ásamt góðu gróffóðri fær hesturinn öll næringarefni sem hann þarf. Besterly Vitalic hestakögglar eru í 25 kg. polum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

**Vetraropnun sundlauga í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011
Skeiðalaug s: 486 5500**



Skeiðalaug opin



Priðjudaga: 17 — 21

Fimmtudaga: 17 — 21

Neslaug lokuð um óákveðinn tíma.

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem
eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu.

umsjónarmaður sundlaugar er:

Eypór Brynjólfsson



Gleðilegt nýtt sund ár!

**Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Nú er um að gera að fá sér góða bók!

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

www.gegnir.is

